

AÐ KENNA UM FLÓTTAFÓLK: KENNSLUBLAÐ

HVAÐ ÞÝÐIR AÐ VERA UMSÆKJANDI UM ALÞJÓÐLEGA VERND?



Sjá myndskaið: [hér](#)

LENGD: 15-20 mínútur.

EFNIVÍÐUR: Tölva, spjaldtölva eða sími til að horfa á myndbandið; blað og penni..

Notaðu kennslublaðið til að kenna nemendum grunnhugtök um flóttafólk, alþjóðlega vernd og fólksflutninga.

Horfðu fyrst á myndskaiðið með nemendum þínum. Farðu svo eftir leiðbeiningunum hér að neðan.

Markmið: Að skilja hugtakið “umsækjendur um vernd” og hvaða þýðingu það hefur að vera í þeirri stöðu.

Aldur: Efnið hentar 12 ára nemendum og eldri.

1: Eftir að þið hafið horft á myndskaiðið skaltu biðja nemendur þína um að ná í blað og penna og gera eftirfarandi verkefni:

Skrifið fjórar stuttar setningar til að útskýra: Hvað skilgreinir fólk sem sækir um alþjóðlega vernd?

2: Safnaðu saman svörunum og lestu upphátt fyrir nemendur þína. Nú er tími fyrir umræður og skaltu spyrja eftirfarandi spurninga:

Hvaðan koma umsækjendur um alþjóðlega vernd?

Hvert fara umsækjendur um alþjóðlega vernd?

Hvers vegna sækir fólk um alþjóðlega vernd hérlendis?

Er öllum frjálst að sækja um alþjóðlega vernd hérlendis?

Þekkir þú til umsækjenda um alþjóðlega vernd hérlendis?

3: Lestu eftirfarandi skilgreiningar á umsækjendum um alþjóðlega vernd fyrir nemendur þína og berðu saman við svör þeirra í fyrsta verkefninu:

1. Umsækjandi um alþjóðlega vernd er einstaklingur sem er **í öðru landi**.
2. Umsækjandi um alþjóðlega vernd fullyrðir að hann/hún sé **í hættu** vegna stríðs eða ofsókna.
3. Umsækjandi um alþjóðlega vernd þarf að færa sönnunargögn fyrir máli sínu **í umsóknarferlinu**.
4. Umsækjandi um alþjóðlega vernd getur fengið ‘vernd’ og **á rétt á að vera um kyrrt ef það er nægur grundvöllur til þess**.

Næst skulið þið horfa aftur á myndskaiðið og fylgist vel með þessum skilgreiningum.

Ræðið hvernig umsóknarferlið fer fram og hvað það felur í sér miðað við það sem þið sáuð í myndskaiðinu.